

26. fundur

9. nóvember 2016

1002007SA BOH

Málalykill: 524

**Fundargerð samstarfsnefndar  
Sambands íslenskra sveitarfélaga  
og  
Kennarasambands Íslands  
vegna Skólastjórafélags Íslands**

26. fundur samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Skólastjórafélags Íslands var haldinn miðvikudaginn 9. nóvember 2016 og hófst hann kl. 10:30. Fundurinn er sameiginlegur fundur samstarfsnefnda SÍ og FG.

Fundinn sátu: Ólafur Loftson, Guðbjörg Ragnarsdóttir af hálfu FG og Svanhildur María Ólafsdóttir f.h. SÍ. Af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Atli Atlason og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár:

**1. Breyting á samþykktum Vonarsjóðs**

Fram er komin tillaga um að breytingar verði gerðar á grein 4.5 í samþykktum og reglum Vonarsjóðs á þann veg að kvittanir megi ekki vera eldri en 12 mánaða í stað 6 mánaða.

**Niðurstaða:**

Samstarfsnefnd er sammála um að gera framngreinda breytingu sem tekur þegar gildi og mun grein 4.5 hljóða svo:

**4.5 Greiðslur**

Styrkir eru greiddir út í einu lagi samkvæmt framvísun kvittana fyrir kostnaði, staðfestingu um dagskrá, þátttöku og/eða lokinna ECTS eininga. Kvittanir mega ekki vera eldri en 12 mánaða og ECTS einingar ekki eldri en 6 mánaða frá því að námsáfangi lýkur. Umsækjandi ber ábyrgð á að skila inn tilskildum gögnum til sjóðsins. Stjórn sjóðsins áskilur sér rétt til þess að óska eftir frumritum reikninga. Styrkir úr sjóðnum eru greiddir út eins fljótt og auðið er. Forsenda greiðslu er að starfsmaður eða stjórn sjóðsins hafi samþykkt umsókn og að greiðslustaðfesting og umbeðin gögn séu móttækin.

**2. Önnur mál.**

a. Fyrirkomulag vegna breytinga á samþykktum og reglum Vonarsjóðs

Tillögum um breytingar á reglum og samþykktum Vonarsjóðs skulu berast frá samningsaðilum og stjórn Vonarsjóðs til samstarfsnefnda KÍ vegna SÍ og FG í síðasta lagi þremur vikum fyrir árlegan samráðsfund.

b. Dagsetning samráðsfundur stjórnar Vonarsjóðs með samningsaðilum

Óskað er eftir að fyrsti fundur samráðsfundar stjórnar Vonarsjóðs með samningsaðilum fari fram fyrir lok apríl 2017.

c. Óskað er eftir að fulltrúar samningsaðila fái að hitta sjóðsstjórn sem allra fyrst og fara betur yfir fyrirkomulag samráðsfundarins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:45.